



**712. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 21. febrúar 2019 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Njörður Sigurðsson, Garðar R. Árnason, Aldís Hafsteinsdóttir og Helga Kristjánsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, varaformaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 6.febrúar 2019.**  
**- 1902031**

Í bréfinu óskar nefndasviði Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (stofnanir á málefnasviði félags- og barnamálaráðherra), 495. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

[1902031 - Frá nefndasviði Alþingis - 495. mál til umsagnar](#)

**2. Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 7.febrúar 2019.**  
**- 1902032**

Í bréfinu óskar nefndasviði Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

[1902032 -Frá nefndasviði Alþingis - 509. mál til umsagnar](#)

**3. Bréf frá SASS frá 15.febrúar 2019. - 1902043**

Í bréfinu er kynntur samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 sem haldinn verður á Hótel Selfossi 4. apríl 2019. Jafnframt er óskað eftir tilnefningu fjögurra fulltrúa á samráðsvettvang Suðurnáætlunar Suðurlands 2020-2024 tveggja kjörinna fulltrúa og tveggja annarra fulltrúa úr sveitarfélaginu.

*Bæjarráð tilnefnir Bryndísi Eir Þorsteinsdóttur, Elínu Káradóttur, Njörð Sigurðsson og Gunnar Biering Agnarsson sem fulltrúa bæjarfélagsins á samráðsvettvanginn.*

[1902043 - Tilnefning fulltrúa við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 til 2024](#)

**4. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga frá 11.febrúar 2019. - 1902038**

Í bréfinu er auglýst eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

[1902038 - Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitafélaga](#)



**5. Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands frá 12.febrúar 2019. - 1902034**

Í bréfinu er fyrirspurn um hvort Hveragerðisbær hafi skipað í notendaráð fatlaðs fólks og þá hvert er áætlað hlutverk þess.

*Eftirfarandi er svar bæjarráðs við erindi Öryrkjabandalagsins:*

*Á þjónustusvæði málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, Bergrisanum, er starfrækt notendaráð sem í sitja 6 einstaklingar allir með þroskahömlun. Þeir sem sitja í notendaráðinu fóru á námskeið hjá Fræðslunetinu og heldur starfsmaður hjá fræðslunetinu utan um starf notendaráðs. Notendaráðið gefur álit sitt á allri stefnumótun um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi ásamt því að taka upp mál að eigin frumkvæði.*

*Á þjónustusvæðinu er einnig starfræktur samstarfshópur sem í sitja þrjú sveitastjórnarmenn sem kosnir voru á aðalfundi Bergrisans og aðilar frá hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á Suðurlandi. Óskað hefur verið eftir tilnefningu hagsmunaaðila í samstarfshópinn en þær hafa ekki enn borist.*

[1902034 - 2019-02-12 Bréf til sveitarstjóra frá formanni ÖBÍ-Fyrirspurn um notendaráð fatlaðs fólks](#)

**6. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands ódagsett. - 1902036**

Í bréfinu er rætt um náttúruhamfaratryggingu opinberra mannvirkja.

*Í kjölfar jarðskjálftans 2008 var farið rækilega yfir tryggingar bæjarfélagsins og hefur nýjum mannvirkjum verið bætt inn á listann eftir því sem þau hafa byggst upp. Bæjarráðs felur skipulagsfulltrúa og bygginga- og mannvirkjafulltrúa að fara enn og aftur yfir tryggingar mannvirkja Hveragerðisbæjar vegna náttúruhamfara til að tryggja að þær falli allar undir tryggingavernd félagsins.*

[1902036 -Til eigenda mannvirkja 2019](#)

**7. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands frá 6.febrúar 2019. - 1902039**

Í bréfinu er kynnt ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður 10.-12. apríl á hótél B59 í Borgarnesi. Yfirskriftin er "Betri ég! Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?".

*Vísad til Menningar-, íþrótt- og frístundanevndar.*

[1902039 - Boðsbréf á ráðstefnuna UFL2019](#)

**8. Bréf frá Nordjobb frá 1.febrúar 2019. - 1902047**

Í bréfinu er óskað eftir því að Hveragerðisbær taki 2 norræn ungmenni á vegum Nordjobb í sumarvinnu árið 2019.

*Bæjarráð samþykkir erindið enda sjái Nordjobb um að útvega umræddum aðilum húsnæði og fæði ásamt öðru sem til fellur á meðan á dvöl þeirra stendur.*

[1902047 - Nordjobb sumarstörf 2019](#)

**9. Bréf frá íbúum við Varmahlíð 3 og Laufskóga 13, 15 og 17. - 1902048**

Í bréfinu óska bréfritarar eftir að Hveragerðisbær ásamt Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fari



tafarlaust í að vinna í að láta fjarlægja eða fari fram á að viðeigandi eigendur loki eða geri upp niðurníddar húseignir sínar að Varmahlíð 2 þ.e. gróðurhús og og áfastan húskofa.

*Bæjarráð hefur skilning á því að langlundargeð nágranna umrædda eigna sé á þrotum en ljóst er að flókið eignarhald hefur staðið úrbótum fyrir þrifum. Bæjarráð felur byggingar- og mannvirkjafulltrúa að ræða við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands varðandi mögulegar leiðir að úrbótum.*

[1902048 - Íbúar við Varmahlíð og Laufskóga](#)

## **10. Opnun tilboða - Jarðvegsframkvæmdir í Hveragerði 2019. - 1902028**

Opnun tilboða í verkið "Jarðvegsframkvæmdir í Hveragerði 2019 - hluti bílaplans við Hamarshöll" fór fram 11. febrúar 2019.

Alls bárust 10 tilboð.

Arnon ehf 32.526.423.-  
Aðalleið ehf 32.581.729.-  
Gleipnir verktakar 35.959.467.-  
Sportþjónustan ehf 36.983.493.-  
HB vélar ehf 37.062.730.-  
Smávélar ehf 37.673.580.-  
Borgarverk 39.000.000.-  
Stéttafélagið ehf 39.564.742.-  
Garpar ehf 43.009.145.-  
Garðasmíði ehf 53.423.101.-

Kostnaðaráætlun 35.577.900.-

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði lægstbjóðenda Arnon ehf enda uppfylli tilboð hans skilyrði útboðsgagna.*

[1902028 - Jarðvegsframkvæmdir í hveragerði 2019](#)

## **11. Tilboð frá Héðni frá 14.febrúar 2019. - 1902041**

Lagt fram tilboð frá Héðni í smíði og uppsetningu á 500 lítra trogi, ásamt snigli úr ryðfríu efni til kalk íblöndunar í þurrefni fyrir Skolphreinsistöð í Hveragerði.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að taka tilboði Héðins upp á kr. 14.028.505.- en kaupin eru innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar.*

[1902041 - iðnver tilbo lyktheyding og kalkíb](#)

## **12. Samningur um afnotarétt - Hengill. - 1902042**

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir vék af fundi meðan á afgreiðslu liðarins stóð og tók Eyþór H. Ólafsson sæti hennar sem formaður og Aldís Hafsteinsdóttir sæti hennar á fundinum.

Lagður fram samningur við Hengil, líkamsrækt ehf, um afnot af kjallara íþróttahússins við Skólamörk.

*Bæjarráð samþykkir að fjárhæð samnings hækki árlega miðað við vísutölu neysliverðs mv. 1. janúar 2019. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samningurinn verði samþykktur.*



[1902042 - Leigusamningur - cross fit 2019](#)

**13. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa - Heilsueflandi samfélag. - 1902037**

Í minnisblaðinu er rætt um "Heilsueflandi samfélag" sem embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök ofl. Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að nú þegar verði sótt um þátttöku Hveragerðisbæjar í verkefninu og vinna að innleiðingu Heilsueflandi samfélags hefjist sem fyrst.*

[1902037 - 2019.02.12 HSAM almenn](#)

[1902037 - 20191302 Minnisblað um heilsueflandi samfélag og heilsuverkefni fyrir eldri borgara](#)

**14. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa - Heilsueflandi verkefni með eldri borgurum bæjarins. - 1902045**

Í minnisblaðinu er rætt um 12 vikna heilsueflingar verkefni með eldri borgurum bæjarins til að stuðla að bættri heilsu þessa íbúahóps. Verkefnið verði unnið í samvinnu við Félag eldri borgara Hveragerðisbæjar og Jónínu Benediktsdóttur, íþróttافرæðing.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að fara í verkefnið á grundvelli hugmynda sem eru tilgreind í minnisblaðinu. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að námskeiðið byrji í vikunni enda er ljóst á viðbrögðum bæjarfulltrúa að fyrirkomulagið verði samþykkt.*

[1902045 - 20191302 Minnisblað um heilsuverkefni fyrir eldri borgara](#)

**15. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa - Íþrótt og ævintýranámskeið sumarið 2019. - 1902046**

Í minnisblaðinu er rætt um breytt fyrirkomulag á Íþrótt og ævintýranámskeiðum næsta sumar þannig að börnin komi ekki með nesti heldur verði fullt fæði í boði á námskeiðunum. Námskeiðsgjöld hækki vegna viðbótarkostnaðar og verði námskeiðsgjald fyrir heildagsvistun í tvær vikur kr. 15.000.-.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytinguna.*

*Bæjarstjóra falið að taka saman þann kostnaðarauka sem breytingin mun hafa í för með sér.*

[1902046 - 20191902 Minnisblað um fæði á ævintýranámskeiðinu 2019](#)

**16. Verkfundargerð frá 11.febrúar 2019 - Gatnagerð Vorsbær. - 1902044**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

[1902044 - Verkfundargerð 11.feb - Vorsabær](#)

**17. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga frá 11.febrúar 2019. - 1902033**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

[1902033 - 15. fundargerð HÁ - aukafundur](#)



**18. Fundargerð SASS frá 1.febrúar 2019. - 1902035**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

[1902035 - 543.-fundur-stj.-SASS](#)

**19. Fundargerð Tónlistarskóla Árnesinga frá 11.febrúar 2019. - 1902040**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

[1902040 - Fundur 191 - 11.2.2019](#)

Fundargerð upplestin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:28**

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Eyþór H. Ólafsson

Njörður Sigurðsson

Garðar R. Árnason

Aldís Hafsteinsdóttir

Helga Kristjánsdóttir